



FJÖLMIÐLANEFND

Málþing fjölmiðlanefndar um reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði

Hannesarholti við Grundarstíg 10, 16. maí 2013

Markmið málþingsins

Fjölmiðlanefnd stóð fyrir málþingi um reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði þar sem fjallað var um ákvæði 24. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 sem gera fjölmiðlum sem sinna fréttum og fréttatengdu efni að setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði starfsmanna. Ástæða þess að ákveðið var að halda málþingið var að fjölmiðlanefnd telur mikilvægt að stuðla að faglegri umræðu um skyldu fjölmiðla til að setja sér slíkar reglur og efni þeirra. Jafnframt er mikilvægt að tryggja að mismunandi sjónarmið komi fram, jafnt útgefenda, ritstjóra og blaðamanna.

Dagskrá málþingsins

Karl Axelsson, settur formaður fjölmiðlanefndar setti málþingið

Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar: *Til hvers eru reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði? Forsaga og inntak 24. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.*

Pétur Árni Jónsson, útgefandi Viðskiptablaðsins: *Eiga reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði rétt á sér?*

Ólafur Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins: *Mikilvægi siðareglna*

Björn Vignir Sigurpálsson, blaðamaður og formaður siðanefndar BÍ: *Ritstjórar í lykilhlutverki*

Pallborðsumræður. Karl Axelsson stýrði pallborðsumræðum. Í pallborði sátu auk frummælenda þær Guðrún Hálfðánardóttir, fréttastjóri mbl.is og Anna Kristín Jónsdóttir, sem situr í stjórn Félags fréttamanna á Ríkisútvarpinu.

I. FRAMSÖGUR

Karl Axelsson, settur formaður fjölmiðlanefndar

Karl Axelsson setti málþingið og fór yfir forsögu og aðdraganda þess að sett voru núgildandi lög um fjölmiðla nr. 38/2011. Í kjölfar mikilla deilna á fjölmiðlamarkaði



FJÖLMIÐLANEFND

árið 2004 vegna umræðu um samþjöppun og eignarhald var skipuð þverfagleg og þverpólitísk nefnd sem lagði grunn að sáttargerð með niðurstöðum sínum. Starf þessarar nefndar lagði m.a. grunninn að þeirri fjölmiðlalöggjöf sem tók gildi árið 2011 en vegna nýrrar hljóð- og myndmiðlunartilskipunar ESB sem Íslandi var gert að innleiða árið 2007 tafðist vinnan og lög um fjölmiðla voru ekki sett fyrir en í apríl 2011. Á vorþingi 2013 má segja að þessari vinnu hafi svo endanlega lokið með samþykkt eignarhaldsreglna auk þess sem þá voru jafnframt samþykkt ný lög um Ríkisútvarpið.

Tilgangurinn með málþinginu sé að efna til samræðu með þátttakendum á fjölmiðlamarkaði en fjölmiðlanefnd telur mikilvægt að starfsemi nefndarinnar sé ekki eingöngu eftirlit með framfylgd laganna heldur jafnframt að skapa samráðs- og samvinnuvettvang líkt og hjá systurstofnunum fjölmiðlanefnar í Evrópu. Málþing um reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði sé ein af fyrstu vörðunum á þeim vegi og hefur nefndin hug á að fylgja slíkri samræðu betur eftir í fleiri málum.

Að þessu loknu fór Karl stuttlega yfir aðdraganda þess að sett var ákvæði í lög um fjölmiðla þar sem fjölmiðlum er gert að setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði en reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði voru hluti af sátt hinnar þverpólitísku nefndar sem starfaði árin 2004 til 2005. Karl sagðist vonast eftir umræðu um efni þessara reglna, tilgang þeirra og hvort ákvæði laganna væru nægilega skýr að þessu leytinu til. Þá kallaði hann eftir sjónarmiðum blaðamanna, eigenda og ritstjóra á því hvort ákvæðið næði tilgangi sínum og hvort breyta þyrfti ákvæðinu. Þá óskaði Karl eftir hugmyndum um eftirlit fjölmiðlanefndar með slíkum reglum, en samkvæmt lögum um fjölmiðla er ekki gert ráð fyrir að viðurlög séu vegna reglna um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Jafnframt varpað hann fram því sjónarmiði hvort það sé óheppilegt að knýja á um framkvæmd slíkra reglna með viðurlögum. Að lokum sagði Karl að fagleg umræða um reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði væri mikilvæg þar sem lögbundin endurskoðun laga um fjölmiðla á að fara fram á næsta ári.

Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar

Í erindi sínu fór Elfa Ýr yfir forsögu og inntak 24. gr. laga um fjölmiðla. Í erindi sínu fjallaði hún um skýrslu nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla sem gefin var út árið 2005, ákvæði um reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði í frumvarpi til laga frá árinu 2006 og ákvæðið 24. gr. laga um fjölmiðla um ritstjórnarlegt sjálfstæði sem tók gildi við setningu laga um fjölmiðla í apríl 2011. Þá fjallaði Elfa Ýr um hlutverk fjölmiðlanefndar vegna reglna um ritstjórnarlegt sjálfstæði og í erindi sínu fjallað hún að lokum um hvernig málum væri háttað í nágrannaríkjum Íslands.



FJÖLMIÐLANEFND

Í upphafi erindis sín benti Elfa Ýr á að fjölmiðlar væru ekki eins og hvert annað fyrirtæki á markaði enda væri oft talað um þá sem fjórða valdið. Fjölmiðlar miðli fréttum og afþreyingu og séu einnig vettvangur skoðanaskipta. Að mati Elfu Ýrar eru öflugir og fjölbreyttir fjölmiðlar hornsteinn lífshæðisríkja og þess vegna fá fjölmiðlar mikil réttindi en hafi jafnframt ríkar skyldur.

Fjölmiðlanefnd sem lauk störfum árið 2005 skilaði af sér skýrslu um fjölmiðlamarkaðinn sem lagði grunn að þverpólítískri sátt um málefni fjölmiðla. Meginniðurstöður skýrslunnar voru eftirfarandi:

- ☞ Að Ríkisútvarpið verði áfram öflugt almannaútvarp.
- ☞ Að settar verði reglur sem tryggi gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum.
- ☞ Að reglur um leyfisveitingar verði endurskoðaðar.
- ☞ Að settar verði reglur sem tryggi aukið val neytenda á efni á ólíkum dreifiveitum.
- ☞ Að mótaðar verði reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði.
- ☞ Að stjórnsýsla verði einfölduð þannig að málefni fjölmiðla séu sem flest á verksviði eins og sama stjórnvaldsins.

Í skýrslunni var eins og áður sagði sérstaklega fjallað um reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Samkvæmt því sem þar sagði áttu eftirfarandi atriði að gilda um slíkar reglur:

- ☞ Slíkar reglur verði teknar upp að fenginni staðfestingu fjölmiðlanefndar.
- ☞ Þær eigi að tryggja betur stöðu einstakra blaða- og fréttamanna, þ.m.t. stjórnenda (ritstjóra/fréttastjóra) gagnvart eigendum.
- ☞ Eigi að fjalla um skilyrði áminningar og uppsagnar.
- ☞ Fjalla eigi um afskipti eigenda fjölmiðils af fréttaflutningi og annarri sjálfstæðri dagskrárgerð.
- ☞ Reglunum væri ætlað að taka til sambands og samskipta eigenda og blaða- og fréttamanna, en ekki breyta siðareglum sem blaðamenn starfa eftir.

Elfa Ýr sagði frá því að í frumvarpi því sem lagt var fram á vor- og haustþingi 2006 um breytingu á lögum um prentrétt og útvarpslögum hafi verið ákvæði um reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði sem voru nær samhljóða núgildandi ákvæði 24. gr. laga um fjölmiðla.

Að þessu loknu fór Elfa Ýr efnislega yfir ákvæði 24. gr. en samkvæmt því skal fjölmiðlaveita setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra starfsmanna sem sinna fréttum og fréttatengdu efni. Slíkar reglur skulu mótaðar í samráði við viðkomandi starfsmenn og fagfélag þeirra eða samtök. Þá skal í reglunum fjalla m.a.



FJÖLMIÐLANEFND

um starfsskilyrði viðkomandi blaða- og fréttamanna ritmiðla og hljóð- og myndmiðla, þ.m.t. stjórnenda á því sviði, við að framfylgja ritstjórnar- eða dagskrárstefnu fjölmiðlaveitunnar. Fjalla skal um starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði viðkomandi blaða- og fréttamanna, þ.m.t. stjórnenda á því sviði, gagnvart eigendum fjölmiðlaveitunnar og að lokum skal a.m.k. fjalla um skilyrði áminningar og uppsagnar viðkomandi blaða- og fréttamanna, þ.m.t. stjórnenda á því sviði.

Elfa Ýr nefndi að samkvæmt ákvæðinu skal endurskoða reglurnar árlega og þá skal slík endurskoðun væntanlega fara fram í samráði við viðkomandi starfsmenn og fagfélög þeirra. Elfa Ýr velti því upp hvernig og með hvaða hætti mótun reglna um ritstjórnarlegt sjálfstæði fer nú fram á fjölmiðlunum og með hvaða hætti það væri æskilegt að láta slíka endurskoðun fara fram.

Jafnframt nefndi Elfa Ýr í erindi sínu að ákvæði 24. gr. gildi um alla fjölmiðla sem sinna fréttum og fréttatengdu efni en enginn greinarmunur sé þó gerður í lögum á því hvort 2 eða t.d. 20 starfsmenn væru að störfum eða hvort um ljósvakamiðla, prentmiðla eða vefmiðla væri að ræða.

Að þessu loknu fór Elfa Ýr yfir hlutverk og aðkomu fjölmiðlanefndar að reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Þannig er fjölmiðlanefnd ekki ætlað að taka efnislega afstöðu til reglna fjölmiðlaveitna um ritstjórnarlegt sjálfstæði með öðrum hætti en að tryggja að reglurnar uppfylli skilyrði laganna þ.e. um starfshætti, starfsskilyrði og áminningu og uppsagnir. Að því loknu skal fjölmiðlanefnd staðfesta reglurnar, uppfylli þær ákvæði 24. gr. Elfa Ýr fór einnig yfir athugasemdir með ákvæðinu í frumvarpi að fjölmiðlalögum þar sem fram kom að í staðfestingu fjölmiðlanefndar fælist einvörðungu lögmætiseftirlit samkvæmt meginreglum stjórnsýsluréttar. Fjölmiðlanefnd komi því eingöngu með athugasemdir við slíkar reglur telji hún ákvæði þeirra fara í bága við lög.

Elfa Ýr áréttaði að fjölmiðlanefnd sé ekki ætlað eftirlit með því hvort reglum sé framfylgt og að engin viðurlög séu við því ef reglum er ekki fylgt. Fjölmiðlanefnd geti þó lagt á dagsektir ef fjölmiðlaveita vanrækir að setja reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Það ákvæði var ekki í upprunalegu frumvarpi en var sett inn í lögina á grundvelli breytingartillögu frá allsherjar- og menntamálanefnd í ljósi þess hversu mikilvægar reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði eru fyrir trúverðugleika íslenskra fjölmiðla eins og segir í nefndarálitinu.

Þá nefndi Elfa Ýr í erindinu sínu að ákvæði 26. gr. laga um fjölmiðla sem fjallar um lýðræðislegar grundvallarreglur leggi skyldur á herðar fjölmiðlaveitna um að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni og gæta þess að



FJÖLMIÐLANEFND

mismunandi sjónarmið komi fram. Þannig leggi þetta ákvæði ákveðnar skyldur um hlutlægni á fjölmiðlaveituna, þ.e. eigandann, en ákvæði 24. gr. geri ráð fyrir að ritstjórnir séu óháðir valdi eigandans.

Elfa Ýr fór yfir sviðið í nágrannalöndum okkar en almennt væru ekki finna lögbundnar reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði í lögum nágrannaríkja okkar. Þó væru dæmi um undantekningar t.d. á Spáni. Á Norðurlöndum væri reynt að tryggja stöðu blaðamanna í kjarasamningum, sbr. ákvæði 24. gr. um að fjallað skuli um skilyrði áminningar og uppsagnar í kjarasamningum.

Að lokum varpaði Elfa Ýr fram nokkrum spurningum m.a. hvort blaða – og fréttamenn og stjórnendur sem framfylgja ritstjórnar- og dagskrárstefnu telji að reglurnar hafi þýðingu? Hvort breyta þurfi einhverju í lögum eða í framkvæmd? Hvert hlutverk fagfélags og samtaka blaðamanna eigi að vera og eins hvert hlutverk fjölmiðlanefndar eigi að vera. Hvort þurfi að tryggja starfsumhverfi blaðamanna sérstaklega og hvort ákvæði 24. gr. að því leytinu til væri fullnægjandi?

Pétur Árni Jónsson, útgefandi Viðskiptablaðsins og Fiskifrétta

Pétur Árni leitaði svara við spurningunni um hvort reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði eigi rétt á sér í erindi sínu. Í upphafi erindis síns fór hann yfir söguna en mikil umræða varð um fjölmiðla þegar markaðsráðandi fyrirtæki á matvörumarkaði eignaðist sjónvarpsstöð og stofnaði fríblað í upphafi aldarinnar. Hann velti því upp hvaða skilaboð hafi falist í synjun forseta á lögum um fjölmiðla árið 2004 og hvaða áhrif þau skilaboð höfðu haft í landinu næstu árin á eftir. Núgildandi lög um fjölmiðla séu þannig frábrugðin frumvarpi því sem lagt var fram árið 2004 og þannig sé t.d. fjallað um ritstjórnarlegt sjálfstæði í lögum sem ekki var fjallað um í því frumvarpi.

Að mati Péturs Árna þurfa almannahagsmunir að vera í forgrunni í lagasetningu um fjölmiðla, annars séu líkur á að slík ákvæði brjóti í bága við eignarréttarákvæði og tjáningarfrelsisákvæði. Þannig megi flokka fréttastofur í þrjá flokka eftir vægi almannahagsmuna. Í fyrsta lagi séu fríblöð sem borin eru út að lesandanum óforspurðum. Í öðru lagi sé fréttæfni í opinni dagskrá í sjónvarpi, í útvarpi og vefmiðlum þar sem hlustandi eða lesandi þarf að stilla á rás eða fara á tiltekna vefslóð til að nálgast efnið. Í þriðja lagi séu áskrifablöð og tímarit þar sem lesandi þarf að gerast áskrifandi eða kaupa blöð í lausasölu. Þá megi ætla að því sérhæfðari sem blöð eru, t.d. eins og Viðskiptablaðið eða Fiskifrétir því meira ætti meginþorri lesenda að vera upplýstur um efni og efnistöð miðlanna. Þannig telur Pétur Árni að það gildi önnur sjónarmið um skyldu til að setja reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði um slíka



FJÖLMIÐLANEFND

fjölmiðla en t.d. almannajónustufjölmiðla en þar telur Pétur Árni að mun ríkari sjónarmið séu fyrir því að leggja á slíkar skyldur.

Pétur Árni benti jafnframt á að rökstuðningur fyrir setningu ákvæðis 24. gr. laga um fjölmiðla væri lítill bæði í skýrslu hinnar þverpólítísku nefndar og eins í frumvarpi til laga um fjölmiðla. Veigamesti þáttur ákvæðisins væri b-liður 2. mgr. sem fjallar um starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði. Hann velti því fyrir sér hvaðan sú hugmynd kæmi að það væru tveir gjörólíkir menn sem væru annars vegar eigandi og hins vegar starfsmaður fjölmiðilsins. Ákvæðið væri sett fram með þeim hætti að eigandinn væri vafasöm persóna en starfsmaðurinn hlutlaus og heiðarlegur. Þá velti Pétur Árni því fyrir sér hvort veruleikinn væri með þessum hætti eða hvort það gæti ekki verið að allir starfsmenn fjölmiðla hafi sínar skoðanir, hagsmuni og jafnvel fordóma. Pétur tók sem dæmi þá miklu umræðu sem hefur verið um skuldamál heimilanna undanfarin ár og velti því upp hvort þeir fjölmiðlamenn sem hafi fjallað um málið hafi ef til vill sjálfir haft hagsmuni í málinu.

Pétur Árni benti á að trúverðugleiki fjölmiðla er grundvallaratriði í rekstri þeirra eins og réttilega var bent á í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Pétur velti því upp hver væri betur til þess fallinn að gæta að trúverðugleika fjölmiðils en eigandi hans enda vandséð hver annar hefði meiri hagsmuni af því að rekstur miðilsins gengi vel. Að mati Péturs Árna hefur enginn ríkari hagsmuni af því að fjölmiðill gæti að trúverðugleika sínum en eigandinn og því á hann að geta haft aðkomu að ákvörðunum.

Pétur Árni benti jafnframt á að sjálfstæði blaðamanna væri ekki meira en svo að eigendur ráði og reki starfsmenn og geti sjálfir sest í ritstjórstólinn. Hann velti upp þeirri spurning hvort það myndi gera þá að betri eigendum en hina sem ekki eru ritstjórar? Varðandi skyldu til samráðs við starfsmenn við mótun reglna benti Pétur Árni á að samkvæmt lögnum nægði að einungis formlegt samráð væri viðhaft.

Pétur Árni nefndi að þverpólítíska fjölmiðlanefndin sem gaf út skýrsluna 2005 hafi tekið fram að reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði hafi e.t.v. ekki úrslitaáhrif einar og sér en gegni þó hlutverki til bóta með öðrum úrræðum. Pétur var ekki viss um að þetta væri rétt. Einfalt mál væri að setja reglur og fá þær staðfestar. Raunveruleikinn væri hins vegar sá að ritstjóri geti t.d. verið veiklunda og hlýði eiganda fjölmiðilsins í einu og öllu ella blasi við uppsögn hans.

Pétur Árni telur nauðsynlegt að lagaákvæði séu vel ígrunduð áður en þau eru sett ella kunnir þá að veita almenningi falskt öryggi. Öll laga- og reglusetning á sviði fjölmiðla verði einnig að standast tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrár. Pétur Árni benti á að lítill sem engin reynsla sé komin á fjölmiðlalögin. Margvíslegar reglur hafi í gegnum árin



FJÖLMIÐLANEFND

gilt um starfsmenn RÚV. Aldrei hafi þó verið greint frá því opinberlega, svo vitað sé, að starfsmaður RÚV hafi brotið reglur um hlutlægni og velti Pétur Árni því upp hvort slíkt brot hafi aldrei átt sér stað. Hann taldi líklegt að slík mál hafi verið leyst í kyrrþey og að almenningur hafi ekki verið upplýstur um það. Því veittu reglurnar ekki þá vernd sem þeim væri ætlað. Þá benti Pétur Árni á að líklegt væri að áhrif hafi haft á eftirlitið með reglunum og upplýsingagjöf um það, að Ríkisútvarpið hefur það sjálft með höndum.

Pétur Árni minnti á að ef menn hafi áhyggjur af Berlusconi og Murdochum Íslands þá eru samkeppnislög sem setji markaðsráðandi fyrirtækjum skorður. Telur hann að eitt fjölmiðlafyrirtæki sé markaðsráðandi á fjölmiðlamarkaði og hefur Pétur Árni sent Samkeppniseftirlitinu kvörtun vegna þess. Samkeppniseftirlitið hafi nú haft málið á sínu borði í 14 mánuði án þess að taka ákvörðun um að skoða málið.

Að lokum sagði Pétur Árni að hann teldi að reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði gætu aukið trúverðuleika ef þær væru settar og framkvæmdar með réttu hugarfari, en taldi hann 24. gr. laga um fjölmiðla ekki tryggja slíkt. Því væru fjölmiðlar betur komnir án ákvæðisins.

Ólafur Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins

Í upphafi erindis síns nefndi Ólafur að hann hefði starfað sem blaðamaður og ritstjóri á ýmsum miðlum í 25 ár og hann teldi að fréttamiðlar þurfi að njóta ritstjórnarlegs sjálfstæðis frá eigendum, auglýsendum, stjórnálasamtökum og fleirum. Hann fagnaði ákvæði 24. gr. og taldi það mikilvæga yfirlýsingu af hálfu löggjafans en taldi að fjölmiðlar ættu sjálfir að setja sér slíkar reglur. Lagasetningin hefði því breytt litlu í reynd. Þannig hljóti fjölmiðlar sem vilja láta taka sig alvarlega að setja sér sjálfir slíkar reglur. Fyrirmæli laganna um það hvernig eigi að sníða reglurnar séu hvorki vel ígrunduð né hjálpleg.

Ólafur upplýsti að á Fréttablaðinu væru ítarlegar siðareglur. Í þeim væru ákvæði sem kveða mjög skýrt á um ritstjórnarlegt sjálfstæði m.a. að efnistösk skuli aldrei vera háð hvers kyns hagsmunum, að hagsmunir auglýsenda og eigenda séu aldrei hafðir til hliðsjónar við miðlun efnis og að skýr greinarmunur skuli gera á auglýsingum og ritstjórnarefni. Þá er ákvæði um að virða skuli að vettugi hótanir og þvinganir vegna frétttaumfjöllunar.

Að mati Ólafs er mikilvægt fyrir ritstjóra að hafa slíkar siðareglur. Þær eru settar af eigendum því þeir átta sig á mikilvægi þeirra til lengri tíma. Auglýsendur hafa sýnt



FJÖLMIÐLANEFND

Þessu skilning því fjölmiðill sem er ekki sjálfstæður glatar lesendum og verður verri auglýsingamiðill.

Ólafur velti því upp hvort ritstjórnarlegt sjálfstæði þýði að fjölmiðlar séu það afl gagnrýni sem þeir eigi að vera. Í rannsóknarskýrslu Alþingis kom ekki fram gagnrýni á að fjölmiðlar hafi sérstaklega sinnt hagsmunum eigenda sinna heldur hafi þeir spilað með líkt og allt samfélagið. Aðeins einu sinni mundi hann eftir því að auglýsendur hafi látið fréttaumfjöllun hafa áhrif á birtingu auglýsinga. Þannig hafi Íslandsbanki hætt að birta auglýsingar í Morgunblaðinu í einhvern tíma eftir að Morgunblaðið hafi fjallað um gagnrýni erlendra aðila á stöðuna í efnahagslífínu fyrir hrún. Að mati Ólafs hefðu reglurnar ekki gert fjölmiðla gagnrýnni í aðdraganda hruns enda samfélagið allt með glýju í augum.

Ákvæði siðareglna 365 miðla uppfylla að mati Ólafs að mestu leyti 24. gr. laga um fjölmiðla. Stjórnendur hafi sest niður með starfsmönnum í Blaðamannafélaginu og hafi þeir talið að reglurnar væru í lagi. Ólafur upplýsti þó að að fjölmiðlanefnd hefði gert athugasemdir við reglurnar. Ekki sé búið að ljúka málinu innanhúss hjá 365 miðlum og því ekki ljóst hvernig málið verður afgreitt af hálfu félagsins.

Þá benti Ólafur á að í lögnum væri til dæmis kveðið á um ábyrgð fjölmiðlaveitu á greiðslu sekta eða bóta sem kunna að verða úrskurðaðar af fjölmiðlanefnd eða fyrir dómi. Í nefndaráliti meirihluta menntamálanefndar með frumvarpinu á sínum tíma segir að þetta komi ekki í veg fyrir að fjölmiðlaveita eigi endurkröfurétt á starfsmenn sína en nefndin beinir því til fjölmiðlaveitna að þær kveði á um skaðleysi starfsmanna í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði.

Ólafur taldi þetta stangast á við ákvæði í siðareglum 365, þar sem segir að fyrirtækið hafi rétt til að sækja til ritstjóra – ekki til almennra blaðamanna – þær fjárhagslegu bætur sem kunni að verða dæmdar, þó ekki hærri en sem nemi einum mánaðarlaunum ritstjórans.

Þá benti Ólafur á að hann og aðrir sem gegna störfum ritstjóra hjá 365 miðlum hafi litið svo á að þetta ákvæði tryggi betur ritstjórnarlegt sjálfstæði, vegna þess að þeir hafi betri tryggingu fyrir því að útgefandinn andi ekki ofan í háls málið á þeim af því að hann útgefandinn hafi áhyggjur af því að þurfa að greiða kostnað fari svo að fjölmiðillinn fari yfir strikið í umfjöllun. Þetta þýði sömuleiðis að ritstjórar sýni starfsmönnum meira aðhald og taki ekki áhættu í umfjöllun nema rík ástæða sé til.

Þá benti Ólafur á að það væri hægt að færa rök fyrir því að regla um skaðleysi blaðamanns tryggi ritstjórnarlegt sjálfstæði að því marki að fólk sé ekki hrætt við að



FJÖLMIÐLANEFND

hreyfa við einhverjum málum af ótta við að fá dóm eða sekt sem setji það á hausinn. Þá sagði Ólafur jafnframt að það mætti einnig segja að það væri eðlilegt að ritstjórinn, sem ber hina endanlegu ábyrgð á efninu, beri einnig ákveðna fjárhagslega ábyrgð ef mat fjölmiðlanefndar eða dómstóla er að fjölmiðillinn hafi farið í bága við lög. Hann sagðist hafa verið spurður að því hvort honum þætti þetta ekki óþægilegt ákvæði, en Ólafur hafi svarað því til að hann hafi á rúmum aldarfjórðungi í blaðamennsku alltaf haft það persónulega markmið að fá hvorki á sig óhagstæðan úrskurð síðanefndar Blaðamannafélagsins né dóm – og það hafi haldið hingað til. Jafnvel þótt Ólafur hafi bæði skrifað og borið ábyrgð á fréttum sem hafi jafnvel haft það í för með sér að einstaklingur missi vinnuna eða orðsporið eða hagur fyrirtækja skaðist. Ólafur benti jafnframt á að sumir fjölmiðlar erlendis hafi það að formlegu markmiði að fá ekki á sig úrskurði fjölmiðlanefnda þar í landi.

Ákvæði c-liðar 24. gr. um áminningar og uppsagnir telur Ólafur ekki vera nægilega skýrt. Það heyri til undantekninga að eigendur vilji segja upp starfsmönnum, sjálfur hafi hann aldrei fengið slíka kröfu. Yfirleitt séu ástæður uppsagna aðrar t.d. krafa um niðurskurð eða að starfsmaðurinn standi sig einfallega ekki í starfi. Ólafur tók til umfjöllunar athugasemd meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar um að með ákvæðinu fælist réttarbót til handa blaða- og fréttamönnum en að mati Ólafs getur slíkur formlegur rökstuðningur verið erfiður ef blaðamenn ætla að sækja um nýtt starf og því telur hann óljóst hvað meirihluti nefndarinnar eigi við í rökstuðningi sínum. Ákvæðið sé ekki til þess fallið að fækka atvinnulausum blaðamönnum. Þá sé leiðsögn fjölmiðlanefndar takmörkuð í þessum efnunum.

Ólafur tók saman efni framsögu sinnar með þeim hætti að ákvæði 24. gr. veitti forskrift sem væri ónákvæm og stangaðist jafnvel á við aðra löggjöf. Það væri vissulega mikilvægt að setja fjölmiðlum síðareglur en það ætti að vera undir hverjum og einum fjölmiðli komið að setja sér slíkar reglur.

Björn Vignir Sigurpálsson, formaður síðanefndar Blaðamannafélags Íslands

Yfirskrift erindis Björns Vignis var að ritstjórar séu í lykilhlutverki. Hann tók það fram í upphafi erindis síns að hann væri að hlaupa í skarðið fyrir annars vegar Sigurð Má Jónsson, varaformann Blaðamannafélagsins og hins vegar Birgi Guðmundsson, dósent. Hafi þeir mótað viðmiðunarreglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði sem finna má á vef Blaðamannafélagsins, press.is en að hann hafi sjálfur komið síðar að þeirri vinnu.

Tildrög þess að Blaðamannafélagið hafi útbúið viðmiðunarreglur sé að kveðið er á um



FJÖLMIÐLANEFND

Það í lögum að leitað skuli samráðs við fagfélög samkvæmt ákvæði 24. gr. Þannig hafi farið að berast fyrirspurnir frá minni fjölmiðlum um hvernig þeir ættu að bregðast við ákvæði 24. gr. og hvort Blaðamannafélagið gæti verið þeim innan handar.

Í erindi sínu fór Björn Vignir yfir efni viðmiðunarreglna Blaðamannafélagsins, en þar er lögð mikil áhersla á stöðu ritstjóra.

Ritstjórum eru færð mikil völd enda eru þeir ráðnir af eigendum/stjórnnum á grundvelli hugsjónalegs samnefnara að mati Björns. Ritstjóri sé þannig í lykilhlutverki í varðstöðu um ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðils, milliliður eða stuðpúði milli eigenda og ritstjórnar.

Björn Vignir benti á að umfjöllun um reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði hafi komist nokkuð óvænt á dagskrá með grein Magnúsar Halldórssonar og beint athygli fjölmiðlafólks að stöðu stéttarinnar. Þannig sé ástæða til að velta því fyrir sér hvort umhverfi blaðamanna sé með þeim hætti að ýtt sé undir sjálfsritskoðun þeirra. Ákvæði 24. gr. hafi verið sett í lög um fjölmiðla með stuðningi Blaðamannafélags Íslands en erfitt er að tryggja að ekki verði farið í kringum ákvæðið. Björn Vignir taldi það skipta máli, frá sjónarhóli Blaðamannafélagsins, að reglurnar séu mótaðar í samráði við starfsmenn og fagfélög þeirra. Þá nefndi hann að Blaðamannafélagið teldi það mikilvægt að fjalla skuli um starfsskilyrði blaðamanna, starfshætti og skilyrði áminningar og uppsagnar blaðamanna.

Blaðamannafélaginu er ætlað að standa vörð um ritstjórnarlegt sjálfstæði félagsmanna sinna. En félagsmenn verði að hafa eftirlit með þessum nýjum réttindum sjálfir. Blaðamannafélagið teldi það hlutverk sitt að taka við ábendingum um brot á reglum, eða fjalla um það, verði slík brot gerð opinber. Að mati Björns Vignis þarf félagið að festa betur í starfi sínu hvernig tekið er við slíkum ábendingum. Þannig kalli nýtt umhverfi á það að slíkum ábendingum sé svarað.

Björn Vignir sagði frá því að lokum að á aðalfundi Blaðamannafélags Íslands í síðasta mánuði hefði þessum hugleiðingum verið svarað með því að mynda fagråd undir forystu varaformanns Blaðamannafélagsins sem hefur það meginhlutverk að taka á móti nýjum faglegum verkefnum sem félaginu ber að taka að sér m.a. vegna breytinga á lagaumhverfi. Það verði m.a. verkefni slíks fagráðs að fjalla um reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði og eftirfylgd með þeim.

II. UMRÆÐUR



FJÖLMIÐLANEFND

Að loknum framsöguerindum voru pallborðsumræður með öllum frummælendum. Þeim til viðbótar tóku þær Guðrún Hálfðánardóttir, fréttastjóri mbl.is og Anna Kristín Jónsdóttir, frá Félagi fréttamanna þátt í umræðunum. Hér er stiklað á stóru úr þeim umræðum.

Við upphaf pallborðsumræðna bauð Karl Axelsson þeim Önnu Kristínu og Guðrúnu að setja fram hugleiðingar sínar vegna erinda frummælenda.

Anna Kristín benti á það væri ljóst að hver og einn horfði á þetta viðfangsefni frá sínu sjónarhorni. Sem fulltrúi Félags fréttamanna væri mikilvægt að skoða hvar finna mætti vörn og skjól fyrir blaða- og fréttamenn. Fréttamenn vilji hafa sem tryggast umhverfi og geti reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði að hluta til verið til bóta fyrir þá. Ef vilji sé til þess, sé þó alltaf auðvelt að fara í kringum slíkt. Hún gat ennfremur tekið undir ýmislegt sem sagt hafði verið um útfærslu slíkra reglna.

Það var mat Guðrúnar að rétt væri að hafa reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Hún varpaði fram þeirri spurning hvað gera ætti ef brotið væri á blaðamönnum, hvert þeir ættu að snúa sér. Hvort það væri til Blaðamannafélagsins, fjölmiðlanefndar eða ritstjóra. Þá benti hún á að ritstjórinn væri væntanlega á sömu skoðun og útgefandi miðilsins, annars væri hann sennilega ekki í þeirri stöðu.

Karl spurði þáttakendur hvort þessar reglur væru í raun bara einhvers konar formalismi eða hvort í þeim fælist einhver efnisleg vörn fyrir blaða- og fréttamenn.

Elfa Ýr benti á að ekki væri hægt að leita skjóls hjá fjölmiðlanefnd því nefndin komi ekkert að málum ef reglur væru brotnar. Þess vegna væru mörg ákvæði reglnanna frekar tengdar kjarasamningum og starfskjörum blaðamanna í ríkjum í kringum okkur, þannig að blaðamenn leituðu tilstéttarféлага sinna kæmu upp mál af þessu tagi.

Guðrún benti jafnframt á að uppsögn blaðamanns megi auðveldlega fóðra á grundvelli hagræðingar.

Karl fór stuttlega yfir umræðuna sem skapaðist eftir að grein Magnúsar Halldórssonar birtist og spurði hvort blaða- og fréttamenn hafi upplifað það að ákvæði 24. gr. hafi þar skipt einhverju máli. Ólafur hafi í erindi sínu vikið að reglum sem 365 miðlar höfðu sett en hann vildi fá sjónarmið hinna þátttakendanna.

Anna Kristín taldi að umræða um regluverkið og ennfremur starfsöryggi sé ekki lengur hluti af starfinu. Það sé auðvelt að nota hagræðingu sem afsökun fyrir uppsögn blaða- og fréttamanna. Fáir hafi upplifað vernd í 24. gr. laga um fjölmiðla.



FJÖLMÍÐLANEFND

Guðrún sagði að það hafi verið hennar upplifun að menn hafi borið virðingu fyrir Ólafi Stephensen í þessu máli fyrir að hafa staðið með sínu starfsfólki gegn eigendum sínum. Hann hafi ekki verið fyrsti ritstjórinn sem hafi staðið frammi fyrir því.

Karl spurði um afstöðu Ólafs til þessa máls.

Ólafur tók fram að mest af samskiptum eigenda og ritstjóra færi ekki fram fyrir opnum tjöldum og hann þekkti bara það sem að honum snéri. Bæði í máli Atla Fannars og Magnúsar Halldórssonar hafi menn gerst uppvísir að því að reyna að brjóta á sjálfstæði blaðamanna en að það hafi ekki tekist. Mikilvægt sé að undirstrika það. Þá sagði Ólafur að blaðamaður ætti fyrst og fremst skjól hjá ritstjóra sínum. Að mati Ólafs hafi Magnús Halldórsson farið ranga leið þegar hann skrifaði grein án þess að hafa nefnt áhyggjur sínar við ritstjóra sinn, Frey Einarsson. Umræðan hafi átt erindi á opinberan vettvang að mati Ólafs.

Fram kom hjá fyrirspyrjanda úr sal það sjónarmið að það eina sem tryggi ritstjórnarlegt sjálfstæði sé að ekki sé hægt að segja upp blaðamanni án rökstuðnings. Þannig mætti ekki segja upp blaðamanni án rökstuðnings nema hann hafi gerst brotlegur í starfi. Ef nauðsynlegt væri að segja upp blaðamönnum ætti starfsaldur að ráða.

Karl spurði Björn Vigni sem formann siðanefndar Blaðamannafélagsins um þetta sjónarmið. Björn Vignir taldi að 4. grein viðmiðunarreglna Blaðamannafélagsins geri eigendum erfiðara að reka blaðamenn án málefnaþgra skýringa.

Pétur Árni velti því fyrir sér hvað félli undir brot í starfi og hvort leti myndi falla þar undir. Þá velti hann því fyrir sér hvort starfsaldursröð ætti að ráða. Einnig hvort um raunverulega lausn væri að ræða. Pétur Árni árétaði að það væri ávallt erfitt að segja upp starfsfólki.

Ólafur sagðist vera ósammála sjónarmiðum um starfsaldur vegna mikilvægis sveigjanleika á vinnumarkaði og þá ætti ekki að vera sérstök uppsagnarvernd. Þetta væri líklegasta leiðin til að fyrirtæki bætti ekki við sig fólki þegar vel gengi. Uppsagnir væru ávallt erfiðar ákvarðanir en aðalatriði væri að reyna að hafa þá áhöfn sem væri líklegust til að koma bátum í land.

Karl varpaði fram þeirri spurningu á grundvelli þeirra sjónarmiða sem fram hefðu komið að reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fengju í raun falleinkunn og óskaði eftir sjónarmiðum pallborðspáttakenda.



FJÖLMIÐLANEFND

Elfa Ýr benti á að þegar þverpólítískar nefndir hefðu komist að niðurstöðu þá standi sú niðurstaða oft í lengri tíma. Pólítíska vægið sem sett var fram í sáttinni sem gerð var 2005 hafi helgast af því að ákvæðið hafi verið í umræðunni í lengri tíma. Endurskoðun á fjölmiðlalögum sé nú framundan og því sé gagnlegt að heyra mismunandi sjónarmið ólíkra aðila og fá umræðu um málið.

Ólafur taldi að það gæti skipt máli að reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði séu lögbundin sem grundvallarregla. Það geti stutt ritstjóra í því að geta vísað í ákvæðið í lögum um fjölmiðla en þá yrðu skilyrði 24. gr. að vera almennari í lögnum.

Það sjónarmið kom fram úr sal að mikilvægt væri í endurskoðun laganna að kanna hvort ákvæði 24. gr. ætti að ná til allra fjölmiðla t.d. vegna þess hvað stærð þeirra er misjöfn. Á stærri fjölmiðlum gætu starfsmenn skipað nefnd sem menn gætu skotið álitaeftum til, ef upp kæmi ágreiningur varðandi sjálfstæði ritstjórna. Því var velt upp hvort slíkar nefndir ættu að geta haft úrskurðarvald skv. lögum.

Að lokum óskaði Karl Axelsson eftir sjónarmiðum þáttakenda í pallborði um hvort ákvæði 24. gr. um skyldu til að setja reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði ættu rétt á sér.

Ólafur taldi að það ætti að vera lögbundin skylda að setja slíkar reglur en fjölmiðlar ættu að hafa meiri sjálfsákvörðunarétt um innihald þeirra. Elfa Ýr sagðist eiga erfitt með að svara spurningunni. Pétur Árni sagðist vera sammála Ólafi. Björn Vignir taldi að það væri gagn af reglunni fyrir félagsmenn Blaðamannafélagsins. Guðrún taldi að ekki þyrfti að setja slíka skyldu á fjölmiðla ef umhverfi blaðamanna væri gott, en þannig væri það þó ekki hér á landi. Anna Kristín tók undir með Birni Vigni og taldi að það væri akkur í reglunum en að ákvæðið væri nokkuð óljóst. Þannig væri t.d. erfitt að setja ákvæði um starfsskilyrði í lögum. Það væri þó jákvæð viðleitni að fjallað væri um slíkar reglur.

Karl Axelsson sleit málþinginu.